

AUGLÝSING

sveitarstjórnar Dalabyggðar um samþykki deiliskipulags.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti sveitarstjórn Dalabyggðar þann 16. ágúst 2005 deiliskipulag frístundabyggðar í landi Kjarlaksstaða, Fellsströnd í Dalabyggð.

Í deiliskipulaginu eru markaðar lóðir fyrir 12 frístundahús. Hámarksstærð húsa er 150 m² en einnig er leyfilegt að byggja allt að 25 m² útigeymslu. Deiliskipulagið byggir á breytingu á svæðisskipulagi Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu 1992-2012.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Búðardal, 8. febrúar 2008.

Bogi Kristinsson Magnusen, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 26. febrúar 2008